

Sumarfrístundir 2020

Sveitarfélagið Hornafjörður



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

SUMARSMIÐJUR ÞRYKKJUNNAR

Félagsmiðstöðin ÞRYKKJAN ætlar að standa fyrir sumarsmiðjum fyrir krakka sem voru í 5. og 6. bekk síðastliðinn vetur. Smiðjurnar verða í boði frá 16. júní til 16. júlí. Smiðjurnar verða tvær, annarsvegar föndursmiðja þar sem í boði er ýmist föndur ásamt skartgripagerð og matarsmiðja með strandblaks ívafi.

Umsjón verður í höndum tveggja starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar og tómstundafulltrúa. Ungmennni þurfa að skrá sig í smiðjurnar en þær verða á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 14:00-16:00. Nánari upplýsingar gefur Herdís í síma: 4708028 eða 8418833 og á herdisiw@hornafjordur.is.

Fjöldatakmörkanir verða í hverja smiðju – lágmark 5 og hámark 15 svo um að gera að skrá sig sem fyrst.

Þrykkjan félagsmiðstöð verður opin í sumar fyrir ungmenni fædd 2004-2007 sem hér segir:

Mánudagskvöld
20:00-23:00

Miðvikudagskvöld
20:00-23:00

Föstudagskvöld
20:00-23:00

Verðskrá fyrir hráefni í stakri smiðju kr. 500 pr. ungmenni

FIMLEIKADEILD SINDRA



Námskeiðið verður á þriðjudögum og fimmtudögum í 9 vikur frá 2. júní til 30. júlí í Mánagarði. Þjálfarar á námskeiðinu verða Eydis og Michal.

Kennt er frá kl. 17:00-18:30, 3.-10. bekkur á þriðjudögum og fimmtudögum.

5 tímar á 7.500 kr. 9 tímar á 10.000 kr og 18 tímar á 17.500 kr

Á sumarnámskeiðinu verður ekki boðið upp á rútur.



BARNASTUNDIR Í GÖMLUBÚÐ



Landverðir í Gömlubúð ætla að bjóða uppá barnastundir alla fimmtudaga á tímabilinu 1. júlí – 15. ágúst.

Barnastundirnar verða ætlaðar börnum á aldrinum 6-10 ára, en ekkert mál ef að yngri börn vilja koma (*þá í fylgd með fullorðnum*)

Landvörður tekur á móti börnum í Gömlubúð og fer

yfir ýmislegt tengt náttúru, jöklum eða fuglalífi og kynnir þeim fyrir starfi landvarða. Farið verður í stutta gönguferð, ef veður leyfir, og síðan farið aftur inn í Gömlubúð.

Hægt verður að skrá þáttöku á viðburði á facebook síðu Gömlubúðar og sjá þar nánari upplýsingar um hverja barnastund <https://www.facebook.com/gamlabud/>. Einnig er hægt að skrá þáttöku í gegnum tölvupóst hofn@vjp.is.

Barnastundir í Gömlubúð

2. júlí	10:00 - 12:00
9. júlí	10:00 - 12:00
16. júlí	10:00 - 12:00
23. júlí	10:00 - 12:00
30. júlí	10:00 - 12:00
6. ágúst	10:00 - 12:00

VINNUSKÓLI HORNAFJARÐAR

Vinnuskóli Hornafjarðar býður þig velkominn/velkomna til starfa í sumar.

Vinnuskólinn er útiskóli og í honum starfa 13 - 16 ára unglingar (fæddir 2004, 2005, 2006 og 2007). Nemendum er skipt í vinnuhópa og vinna þeir undir leiðsögn flokkstjóra hvers hóps. Nemendum er skipt upp í hópa og allir þurfa að læra að vinna með hverjum sem er, svo að skipting í hópa fer ekki eftir bekkjum eða vinahópum.

Flest störf sem eru í boði eru útistörf, svo sem snyrting og umhirða áopnum svæðum, almenn garðyrkja, létt viðhaldsstörf o.fl.

Vinnuskólinn er starfræktur frá 8. Júní – 31. Júlí.

Markmið vinnuskólans

- Fegra og snyrta bæinn okkar.
- Gefa unglingum kost á vinnu, þjálfun og fræðslu í sumarleyfi sínu.
- Kenna unglingum fagleg vinnubrögð og meðferð verkfæra.
- Unglingarnir læri virðingu, stundvísi og aga á vinnustað.
- Unglingar læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og bænum sínum.
- Viðhalda jákvæðri ímynd um vinnuskólann og gera hana enn

Reglur skólans

- Vinnuskólinn er tóbakslaus vinnustaður
- Mæta ber stundvíslega til vinnu og stunda hana samviskusamlega
- Fara vel með eignir Vinnuskólans og bera virðingu fyrir eignum annarra
- Bera virðingu fyrir samstarfsfélögum og flokkstjórum – ekkert ofbeldi, hvorki andlegt né líkamlegt, er liðið
- Ef um veikindi er að ræða skal forráðamaður tilkynna þau fyrir kl. 9:00 á morgnana
- Notkun farsíma við vinnu er ekki heimil

HESTAMANNAFÉLAGIÐ HORNFIRÐINGUR/ HLÍÐARBERGSHESTAR

Fyrirhugað er að halda tvö reiðnámskeið fyrir mismunandi aldurshópa barna á aldrinum 6-16 ára.

Fyrri námskeiðið verður haldið á hestavellinum á Stekkhól dagana 8.-12. júní þ.e. 5 dagar sem endar svo með pylsuveislu sem haldin verður á Stekkhól félagsheimili hestamanna laugardaginn 13. júní.

Hver aldursflokkur fær 1 klukkustund á dag og fjöldatakmörk eru við 6 börn í hóp. Námskeiðið kostar 15.000 kr. pr. barn.

Seinna námskeiðið er fyrirhugað í ágúst en ekki er búið að festa dagsetningu.

Hægt er að nýta frístundastyrk sveitarfélagsins (ef einhver er fyrir hendi) fyrir þessi námskeið ef skráning fer fram í Nóra.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum þá vinsamlegast hafið samband við Snæsu í síma 866-6242 eða á snaesa@mi.is



FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD SINDRA

**Frjálsíþróttæfingar - 8. júní - 13. ágúst
11 ára og eldri:**

Frjálsar, þrek og styrkur, á æfingunum er lögð áhersla á að þjálfna bæði snerpu og úthald ásamt því að farið er markvisst í einstakar greinar innan frjálsra íþróttar eins og hlaup, stökk og köst. Frjálsar henta vel með öðrum íþróttum en við viljum endilega hvetja nýja iðkendur til að koma og prufa að æfa með okkur og sjá hvernig þeim líkar áður en gengið er frá skráningu. Æfingar verða 4x í viku, mánudaga-fimmtudaga frá kl: 16-17:15. Æfingarnar byrja 8. júní og eru til 13. ágúst. Þjálfari verður Harpa Sigríður Óskarsdóttir

Verð: 23.000 kr.



**Frjálsíþróttar- og leikjaskóli - 6. júlí - 31. júlí
10 ára og yngri:**

Æfingarnar verða 4x í viku, mánudaga-fimmtudaga frá kl: 9-11. Í frjálsíþróttaskólanum verður lögð áhersla á frjálsar íþróttir, stökk, hlaup og köst ásamt leikjum og fjölbreyttum æfingum sem veita góðan grunn fyrir frekari frjálsíþróttabjálfun. Þjálfarar verða Harpa Sigríður Óskarsdóttir og Tómas Núi Hauksson

Verð fyrir 4 vikur: 16.000 kr.



DJ NÁMSKEIÐ

Námskeiðið er hugsað fyrir krakka á aldrinum 12 til 15 ára sem hafa mikinn áhuga á tónlist og langar að kynnst undirstöðu atriðum í dj-mennsku. Farið verður yfir helstu dj-tækni ásamt yfirferð yfir helstu græjur og forrit sem eru notuð í dag.

Námskeiðið verður haldið í lok júní og er hugsað fyrir byrjendur og fá nemendur að prufa sig áfram og kynnst ólíkum tónlistarstefnum sem henta fyrir plötusnúða.

Námskeiðið endar á tónleikum þar sem nemendur fá að spila sitt dj mix.

Kennari er Tjörvi Óskarsson, fyrir nánari upplýsingar um verð og dagsetningar hafið samband á subminimal@subminimal.is.



LEIK OG SPRELL

Fyrirhugað er að halda söng og leiklistar-námskeið á Höfn dagana 5.-18. ágúst. Kennari námskeiðs er leiklistarkennarinn Bára Lind og kemur hún frá höfuðborgarsvæðinu. Plakatið hér fyrir neðan er frá því í fyrra en hún hefur mikinn áhuga á því að bæta Höfn á kennslusvæðin.





Fjölskylduferðir 2020

Komdu með á fjöll og jökla, upplifðu og lærðu um náttúruna og breytingar á henni á nýjan hátt. Ævintýrleg upplifun fyrir alla náttúruunnendur.

Innifalið: • Jöklagöngur, ísklifur og fjallgöngur • Fræðsla um náttúru, jökla og síbreytilegt umhverfi Öræfa • Gisting á einu fegursta tjaldsvæði landsins, Skaftafelli •

Við tökum við öllum aldurshópum og hópum allt að 12 manns. Allar ferðir eru lagaðar að þörfum hvers hóps.

1 dagur: 100.000 kr. (8.300 kr./mann)
2 dagar: 170.000 kr. (14.200 kr./mann)
3 dagar: 230.000 kr. (19.200 kr./mann)

Upplýsingar og skráning á
www.oraefaskolinn.is

oraefaskolinn@gmail.com
[@oraefaskolinn](https://www.instagram.com/oraefaskolinn)



LESTRARHESTUR HORNAFJARÐAR 2020

Í sumar mun Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu efna til lestrarátaks barna á grunnskólaaldri. Lestrarátakið hefst 8. júní og lýkur 24. ágúst og munu þáttökublöð vera fánlega á bókasafninu.

Til að taka þátt í sumarlestri þurfa þátttakendur að nálgast þáttökublað á bókasafninu, lesa 10 bækur, fylla blaðið út, skila aftur á safnið og þá eru þau komin í pott.

Verðlaun eru veitt í tveimur flokkum í 1.-4. bekk og 5.-9. bekk og dregið verður úr innsendum miðum.



FRISBÍGOLF

FRISBÍGOLFVÖLLUR HÖFN

Frisbígolf - leikreglur:

Fólf er spilað líkt og hefðbundið golf nema með frisdískum. Talin eru köstin sem tekur að koma dískum í körfuna og takmarkið er að fara allar brautir í sem fæstum köstum.

Fyrsta kast er tekið af merktum teig og er það næsta tekið þar sem dískurinn liggur og þarf sá fótur sem er nær kórðu að vera þar sem dískurinn lá.

Skipita má um díska á milli kasta. Sá spilarí sem lengst er frá kórðu tekur fyrsta kast.

Tillitsemi er stór hluti af leiknum. Sanngjarnt er að mótspari þinn fái að kasta án truflunar, það sama myndir þú vilja.

Ekki kasta fyrr en þú ert viss um að flug díksins og landing hans trufli ekki hina spilarana eða aðra á svæðinu.

Góð regla er að stíga ekki á plöntur eða skemma gróður.

Góða skemmtun!

Völlurinn er opinn alla daga frá kl. 08:00 til 22:00



Frisbígolfvöllurinn við tjaldsvæðið er öllum opinn frá kl. 08:00 – 22:00.
Skemmtilegt fjölskyldusport – allir geta spilað.

SKÁKNÁMSKEIÐ HELGINA 11. OG 12. JÚLÍ

Kennari er Birkir Karl Sigurðsson en hann hefur m.a. keppt á fjölda skákmóta, bæði hérlandis og erlendis. Varð t.d. heimsmeistari unglínga í skólaskák en einnig hefur hann unnið til nokkurra Íslandsmeistaratitla hérlandis.

Birkir Karl hefur fengist við skákkennslu s.l. sjö ár, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og víða á landsbyggðinni við að kenna börnum og unglingum skák en einnig að hjálpa þeim sem lengra eru komnir í þessari göfugu íþrótt. Fram að áramótum (2017/2018) starfaði hann sem landsliðsþjálfari ungmennaliðs Ástralíu.

Allir þeir þátttakendur sem munu taka þátt í námskeiðinu munu fá viðurkenningarskjöl að námskeiði loknu. birkirkarl@gmail.com
Frekari upplýsingar gefur Herdís I Waage á

herdisiw@hornafjordur.is



Dagskrá:

Dagur 1

10:00-13:00 1.-4. bekkur
13:00-16:00 5.-10. bekkur

Dagur 2

10:00-13:00 1.-4. bekkur
13:00-16:00 5.-10. bekkur

LEIKJANÁMSKEIÐ SINDRA

Um er að ræða tvo hópa annars vegar börn fædd árið 2011 til 2013 og hins vegar börn fædd árið 2008-2010. Umsjónarmaður yngri hópsins er Kristinn Snjólfsson og eldri hóps Ingólfur Waage.

Fyrstu tvö námskeiðin munu standa yfir í tvær vikur hvort og munu vera frá kl. 09:00 – 12:00. Boðið verður uppá gæslu milli 08:00 – 09:00.

Þriðja og síðasta námskeiðið verður í ágúst og mun einnig standa til boða fyrir börn fædd árið 2014, það verður auglýst síðar.

Verð fyrir hvert námskeið er 12.000 kr.

(Veittur er 20% afsláttur á seinna námskeið ef skráð er á bæði).

Skráning fer fram í Nóra.



8.6.2020	9.6.2020	10.6.2020	11.6.2020	12.6.2020
Kynningaleikir (Nafnaleikir o.fl.) 	Ferð með Menningarmiðstöðinni (Eyðibýlaskoðun) 	Útileikir (Sindravellir) 	Skoðunarferð (Gönguferð um Höfn) 	Sveitaferð
15.6.2020	16.6.2020	17.6.2020	18.6.2020	19.6.2020
Reiðnámskeið 	Golfdagur 	17. júní (FRÍ) 	Heimsókn í fyrirtæki 	Lokadagur (Grillveisla og fleira)
22.6.2020	23.6.2020	24.6.2020	25.6.2020	26.6.2020
Kynningaleikir (Nafnaleikir o.fl.) 	Ferð með Menningarmiðstöðinni (Náttúruskoðun- bergfræðsla) 	Ratleikir 	Tarzan leikur (Íþróttahúsið) 	Óvissuferð
29.6.2020	30.6.2020	1.7.2020	2.7.2020	3.7.2020
Skoðunarferð (Gönguferð um Höfn) 	Heimsókn í fyrirtæki 	Sveitaferð 	Fimleikar 	Lokadagur (Grillveisla og fleira)

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar vegna aðstæðna og veðurs.

FORSKÓLASUND, BÖRN FÆDD 2014 OG 2015

Sunddeild Sindra býður uppá 10 tíma sundnámskeið í byrjun júní fyrir börn á leikskólaaldri

Yfirþjálfari er Agnar Jökull Imsland Arason, honum til aðstoðar verða Heiðdís og Magni Snær. Skráning fer eingöngu fram í Nóra og þar er einnig að finna nánari upplýsingar.

Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið sunddeildsindra@gmail.com.



SKÍÐA OG BRETTANÁMSKEIÐ GLACIER JOURNEY

Námskeiðin eru fyrir börn á aldrinum 6-10 ára og 11- 14 ára, byrjendur og lítið reynda. Hámark 12 börn á hverju námskeiði sem 4 daga námskeið, dagskrá frá kl.10:00-15:00 alla dagana.

Fyrsta námskeiðið hefst föstudaginn 5. júní, ný námskeið hefjast alla föstudaga þar frá.

Innifalið í verði er akstur frá Flatey á Mýrum að skíðasvæði og til baka að Flatey, heitur drykkur með hádegisverði (te eða kakó).

Nemendur koma með sitt eigið holla og góða hádegisnesti, sælgæti og gos er ekki leyfilegt.

Verð námskeiðs er 40.000.-

Akstur frá sundlaug Hafnar að Flatey kl.8:30 stundvíslega. kr. 500.- fram og til baka.

Þeir nemendur sem þurfa skíðaútbúnað leigðan geta leigt hjá okkur kr. 1.000.- pr. dag og hafa þá þann búnað út námskeiðið. Við leigjum ekki skíðagalla/kuldagalla, skíðagleraugu og vettlinga.

Kennarar á námskeiðunum eru með skíða og bretta kennara-réttindi og mikla reynslu í að kenna börnum.

Hafið í huga að börnin læra mest ef foreldrar eru í hæfilegri fjarlægð. Vinsamlega mætið tímanlega.

Skráning á námskeiðin er í gegnum tölvupóst info@glacierjourney.is

Athugið að tómstundastyrkur Sveitarfélags Hornafjarðar nýtist fyrir þessi námskeið.



MOTOCROSS

Motocrossbrautin er opin alla daga frá kl. 09:00-21:00



GOLF Á SILFURVELLI

Börn á aldrinum 6-16 ára spila frítt á golfvellinum á Silfurnesi. Ef þau hafa hug á að taka þátt í mótum þá er um að gera að vera skráður í Golfklúbb Hornafjarðar en árgjaldið er 5000 kr. fyrir þennan aldurshóp.

Alla mánudaga og miðvikudaga frá 8. júní – 10. júlí verða golfleikjanámskeið í boði kl. 13 – 14 á golfvellinum fyrir börn 6 – 12 ára. Námskeiðin eru ókeypis, skráning verður á eyðublaði uppi í golfskála og/eða á heimasíðu GHF á facebook.



SUNDLAUG HAFNAR

Opnunartímar í Sundlaug Hafnar

Sumaropnun 15. maí -30.september

Virka daga: kl.6:45-21:00

Helgar: kl. 10:00-19:00



Barnastarf Menningarmiðstöðvar

Hornafjarðar 2020



Ferðir í sumar:

- 2. júní Óslandið - fuglaskoðun.
- 9. júní Eyðibýlaskoðun.
- 16. júní Listasafn - föndur og fjör.
- 23. júní Náttúruskoðun – bergfræðsla.
- 30. júní Mikley.
- 7. júlí Listasafn - föndur og fjör.
- 14. júlí Lúraferð.
- 21. júlí Umhverfisdagur – fjöruhreinsun.
- 28. júlí Náttúruskoðun - Bergárdalur.
- 11. ágúst Óvissuferð.

Fylla þarf út leyfisblöð við fyrstu ferð barns og fást þau á bókasafninu.

Skrá þarf í hverja ferð á mánudögum.

og fer skráning fram í

síma 470-8050.

Nú líður að því að barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar fari af stað. Þar gefst krökkum tækifæri á að kynnast nærumhverfinu á nýjan hátt.

Í ár munum við ferðast um víðan völl og hlakkar okkur til að sjá sem flesta í barnastarfi sumarsins.

Farið verður af stað kl. 13:00 alla þriðjudaga.

nema 9 og 23. júní og hefjast þær ferðir kl 09:00.

Farið verður afstað frá Nýheimum.

Við minnum ykkur á að koma klædd eftir veðri og með nesti.

Birt með fyrirvara um breytingar

